



VÖRULEIÐBEININGAR OG NOTENDAHANDBÓK

RT-4600KV-01, RT-4600-01 og
RT-4600-01-MRI

Encompass™ SRS-skorðunarbúnaður

RT-B889KYCF2

*Encompass™ Fibreplast Variable Perf gríma
með opi fyrir augu*

 EC REP Advena Limited Tower Business Centre, 2nd Flr Tower Street, Swatar, BKR 4013 Malta	UK Responsible Person QServe Group UK, Ltd. 49 Greek Street Soho, London W1D 4EG United Kingdom	
 Qfix 440 Church Rd, Avondale, Pennsylvania, USA +1 712-737-8688 www.CQmedical.com		Raditec Medical AG Schlossberg 5a 5454 Bellikon Switzerland

Fibreplast® er skráð vörumerki Qfix.

Aquaplast RT, kVue, OneTouch, IntegraBite, Encompass, Virtual Indexing, RapidHeat og Integrated Shim System eru vörumerki Qfix.

Cidex® er skráð vörumerki Johnson & Johnson fyrirtækisins.

Clorox® er skráð vörumerki The Clorox Company.

Super Sani-Cloth® er skráð vörumerki PDI Healthcare.

EFNISYFIRLIT

ALMENNAR VARÚÐARREGLUR	5
VARNADARORD	5
ALVARLEG TILVIK.....	5
ÁLAGSGILDI	5
AÐRAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR	6
ÖRYGGISUPPLÝSINGAR FYRIR SEGULÓMUN	6
VIÐVÖRUNARMERKI OG LÝSINGAR.....	7
FYRIRHUGUÐ NOTKUN	8
EIGINLEIKAR	9
LÝSING.....	9
ÁSKILINN AUKABÚNAÐUR.....	9
ÍHLUTIR.....	10
NOTKUNARLEIÐBEININGAR	12
UPPSETNING Á ENCOMPASS™-INNLEGGI	12
UPPSETNING Á ENCOMPASS™-BÚNAÐI	13
HITAÐJÁLA GRÍMAN MÝKT UPP	14
UPPSETNING, A-HLUTI: FREKARI UPPLÝSINGAR OG GAGNLEGAR ÁBENDINGAR.....	16
UPPSETNING, B-HLUTI: MÓTUN GRÍMU AÐ AFTAN	17
UPPSETNING, C-HLUTI: FRAMGRÍMA MÓTUÐ, UPPSETNING ÁN INTEGRABITE™	18
UPPSETNING, D-HLUTI: FRAMGRÍMA MÓTUÐ, UPPSETNING MEÐ INTEGRABITE™	19
UPPSETNING, E-HLUTI: SJÚKLINGUR SKORÐAÐUR.....	20
HITAÐJÁL GRÍMA FJARLÆGD	21
ENCOMPASS™-INNLEGG FJARLÆGT	21
ENCOMPASS-BÚNAÐUR (OG ENCOMPASS-BÚNAÐUR FYRIR SEGULÓMUN) FJARLÆGDUR	21
VIÐHALD	22
KERFIÐ HREINSAÐ	22
KERFIÐ SÓTTHREINSAÐ	22
SKIPT UM STAÐSETNINGARPINNA	22
INTEGRABITE HREINSAÐ	23
HITAÐJÁLA GRÍMAN HREINSUÐ.....	23
HITAÐJÁLA GRÍMAN SÓTTHREINSUÐ EFTIR MÓTUN	23

EFNISYFIRLIT

TÆKNILÝSING.....	24
KVUE™ ENCOMPASS™ -INLEGG – RT-4600KV-01.....	24
ENCOMPASS™ -SKORÐUNARBÚNAÐUR FYRIR INNANKÚPU – RT-4600-01.....	25
ENCOMPASS™ -SKORÐUNARBÚNAÐUR FYRIR SEGULÓMUN, INNANKÚPU – RT-4600-01-MRI..	25
LISTI YFIR HLUTA	26
UPPSETNING HJÁ SJÚKLINGI.....	27
ENCOMPASS™ RT-4600KV-01, RT-4600-01, RT-4600-01-MRI, OG RT-B889KYCF2	27

ALMENNAR VARÚÐARREGLUR

VARNAÐARORÐ

! VIÐVÖRUN ! EKKI ER LEYFILEGT AÐ BREYTA ÞESSUM BÚNAÐI Á NOKKURN HÁTT. EF EINHVER HLUTI BÚNAÐARINS VERÐUR FYRIR OFURÁLAGI, VIRÐIST SKEMMDUR EÐA VIRKAR EKKI RÉTT SKAL TAFARLAUST HÆTTA NOTKUN OG HAFNA SAMBAND VIÐ CQ MEDICAL Í +1 712-737-8688 EÐA INFO@CQMEDICAL.COM.

! VIÐVÖRUN ! ONETOUCH ER NÁKVÆMUR BÚNAÐUR SEM ER EINGÖNGU ÆTLAÐUR TIL NOTKUNAR MEÐ VIÐURKENNDUM CQ MEDICAL KVUE-TÆKJUM. EKKI ER VÍST AÐ ANNAR BÚNAÐUR SEM CQ MEDICAL HEFUR EKKI VOTTAÐ SÉ ÖRUGGUR Í NOTKUN OG EF SLÍKUR BÚNAÐUR ER NOTAÐUR FELLUR ÁBYRGÐIN ÚR GILDI.

! VIÐVÖRUN ! EKKI MÁ FRAMLENGJA BÚNAÐINN YFIR VIÐVÖRUNARLÍNUNA Á BEKKNUM.

! VIÐVÖRUN ! EKKI MÁ FRAMLENGJA BÚNAÐINN YFIR ENDA BEKKJARINS ÞEGAR STAÐSETNINGARSTÖNG ER NOTUÐ TIL AÐ KVARÐA BÚNAÐINN.

! VIÐVÖRUN ! GÆTIÐ ÞESS AÐ SJÚKLINGUR EÐA STJÓRNANDI KLEMMIST EKKI Á MILLI GRÍMU OG BÚNAÐAR ÞEGAR GRÍMAN ER FEST.

! VIÐVÖRUN ! SJÚKLINGURINN VERÐUR AÐ VERA MEÐ HLÍÐARLAG (HÁRHÍF) Á MILLI SÍN OG HITAPJÁLA EFNISINS AÐ AFTAN ÞEGAR BÚNAÐURINN ER SETTUR Á TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ HÁRIÐ FLÆKIST Í HITAPJÁLA EFNINU.

! VIÐVÖRUN ! ENCOMPASS-BÚNAÐURINN OG HITAPJÁLA GRÍMAN DRAGA ÚR GEISLUN OG AUKA UPPTÖKU UM HÚÐ. TAKA SKAL TILLIT TIL GEISLAMINNUNAR OG AUKINNAR UPPTÖKU UM HÚÐ VIÐ SKIPULAGNINGU MEÐFERÐAR OG MEÐAN Á MEÐFERÐ STENDUR.

! VIÐVÖRUN ! STAÐFESTA VERÐUR STÖÐU SJÚKLINGS ÞEGAR GEISLAMEÐFERÐ ER SKIPULÖGÐ OG ÁÐUR EN HÚN HEFST. FYLGIÐ STÖÐLUÐUM VERKLAGSREGLUM TIL AÐ STAÐFESTA UPPSETNINGU OG STÖÐU SJÚKLINGS ÁÐUR EN MEÐFERÐ HEFST.

ALVARLEG TILVIK

Vinsamlegast tilkynnið öll alvarleg atvik (t.d. tilvik sem leiða til eða geta hugsanlega leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla) bæði til CQ Medical og lögbærra yfirvalda í viðkomandi landi.

ÁLAGSGILDI

EKKI má fara yfir 249 kg (550 punda) þyngd með jafnri dreifingu eða hámarksþyngd fyrir undirstöðu bekkjarins, hvort sem er minna.

!ATHUGIÐ! Þegar búnaðurinn er notaður með bekkjarundirstöðu frá upprunalegum framleiðanda er álagsgildið lægra gildið af þessum tveimur tilgreindu öruggu gildum við notkun. Álagið á kVue-yfirborð bekkis má EKKI vera meira en framleiðandi upprunalegu bekkjarundirstöðunnar tilgreinir. Skoðið lesefnið sem fylgir vörunni frá upprunalegum framleiðanda.

ALMENNAR VARÚÐARREGLUR

AÐRAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

- Notkun þessa búnaðar getur valdið vægri næmingu í snertingu við húð.
- Hitapjálu efnin Aquaplast RT™ og Fibreplast® eru eingöngu ætluð til nota hjá einum sjúklingi og eru ekki afhent sæfð.
- Gætið ávallt varúðar þegar meðferð er veitt í gegnum Aquaplast RT™ og Fibreplast®.
- Gætið þess að hreinsa þann hluta grímunnar sem settur er í munn sjúklingsins með vatnsblandaðri sótthreinsilausn fyrir hverja notkun.
- Áður en framgríman er fest skal ganga úr skugga um að Integrated Shims™-þynnur séu stilltar á æskilega hæð.
- Fargið bitplötunni ef hún hefur dottið.
- Gæta skal varúðar þegar bitplatan er sett inn í munn sjúklings til klemma ekki varir á milli tanna og grímu.
- Bitplata getur valdið skekkju.
- Bitplata getur leitt til dreifiefnaáhrifa (e. bolus effect).
- Gætið varúðar vegna mögulegrar innlokunar á tönn þegar hitapjála efnið er látið flæða í kringum undirskurð.
- Hitapjálu grímurnar eru afhentar til notkunar fyrir einn sjúkling meðan á meðferð stendur.

ÖRYGGISUPPLÝSINGAR FYRIR SEGULÓMUN

- MR** Forklínískar prófanir hafa sýnt að **RT-4600-01-MRI, sjálfstæður Encompass MRI-búnaður fyrir höfuð og háls** er öruggur fyrir segulómun. Notaðu **RT-4600-01-MRI, sjálfstæðan Encompass MRI-búnað fyrir höfuð og háls** í segulómunarumhverfi.
- MR** Forklínískar prófanir hafa leitt í ljós að **Encompass Fibreplast-grímur** eru öruggar fyrir segulómun. Notaðu **Encompass Fibreplast-grímur** í segulómunarumhverfi.
- MR** Forklínískar prófanir hafa leitt í ljós að **IntegraBite** er öruggt fyrir segulómun. Notaðu **IntegraBite** í segulómunarumhverfi.

ALMENNAR VARÚÐARREGLUR

VIÐVÖRUNARMERKI OG LÝSINGAR

Skoða má lista yfir tákn og skilgreiningar þeirra á www.CQmedical.com.



LÍNAN „NO STEP“ (BANNSVÆÐI)

Gula línan á kVue-innlegginu gefur til kynna hvar stoðbitarnir enda. Svæðið hinum megin við línuna hefur verið hannað og prófað til að styðja við efri eða neðri hluta líkama sjúklings sem fer ekki yfir uppgefna álagsþyngd.


Með því að standa eða sitja á kVue-innlegginu fyrir utan línuna „No Step“ (Bannsvæði) getur kVue-innleggið skemmst eða það getur leitt til meiðsla.

KVUE-INNLEGG SETT UPP OG FJARLÆGT

! VIÐVÖRUN ! ALDREI MÁ LYFTA UPP ENDA KVUE-INNLEGGISINS.

Pörunarpinnarnir geta bognað eða brotnað og gert kVue-innleggið ónothæft.

Skoðið leiðbeiningar um uppsetningu og fjarlægingu kVue í uppsetningarhandbókinni fyrir kVue-bekkinn.



VIÐVÖRUN

EKKI má framlengja Encompass-búnaðinn yfir enda bekkjarins þegar staðsetningarstöng er notuð til að kvarða búnaðinn. Það getur valdið sjúklingi eða notanda heilsutjóni.

Ef búnaðurinn er notaður með bita sem aðeins er festur í annan endann (svifbita) verður að nota rétt millistykki fyrir kvörðun.

EKKI ÆTLAÐ TIL NOTKUNAR MEÐ

EKKI má nota Integrabite™ hjá sjúklingum með gervitannplanta, tanngervi eða fyllingar úr akrýl og/eða postulíni í upprunalegum tönnum.

ÖRUGGT FYRIR SEGULÓMUN

Hlutur sem orsakar enga þekkta hættu í segulómunarumhverfi. Hlutir sem orsaka ekki hættu í segulómunarumhverfi eru gerðir úr efnum sem hafa enga rafleiðni, eru ekki úr málm og ekki segulmagnaðir.

! ATHUGIÐ ! Aðeins fyrir RT-4600-01-MRI.

FYRIRHUGUÐ NOTKUN

Encompass™ SRS-skorðunarbúnaðurinn skorðar höfuð og háls fyrir hnitstýrðar meðferðir án inngrips með því að nota sérstaka hitaþjála grímu sem lagar sig að andliti sjúklingsins. Með búnaðinum er hægt að koma sjúklingi í nákvæma stöðu sem hægt er að endurtaka, lagfæra og koma í veg fyrir hreyfingu. Encompass™ SRS-skorðunarbúnaðurinn gerir sjúklingnum kleift að fara í greiningarmyndatöku í sömu stöðu og þegar meðferð er veitt og veita þannig geislameðferð.

! ATHUGIÐ ! Bandarísk alríkislög takmarka sölu og pöntun á þessum búnaði við lækna.

Fyrirhugaðir sjúklingahópar

Sjúklingar sem eru í geislameðferð eða þurfa á myndgreiningu að halda.

Fyrirhugaðir notendur

Fyrirhugaður notandi varanna er einstaklingur sem hefur réttindi og hæfi í samræmi við kröfur yfirvalda á hverjum stað.

EIGINLEIKAR

LÝSING

Encompass™ SRS-skorðunarbúnaðurinn er háþrúð lausn fyrir skorðun án inngrips sem hönnuð er fyrir nákvæmar og markvissar meðferðir á heila, höfði og hálsi. Búnaðinum fylgir gríma úr hitaþjálu efni með fram- og afturhluta og opi fyrir augu sem hægt er að nota með sjónrænum eftirlitskerfum til að fylgjast með sjúklingnum í rauntíma. Hitaþjála Encompass-gríman er með IntegraBite™*-búnaði sem dregur úr hreyfingu og gerir kleift að skila hámarksskammti til æxlisins á sama tíma og geislun á heilbrigðan vef umhverfis æxlið er haldið í lágmarki. Með Integrated Shim System™* kerfinu er svo hægt að stilla hæð hitaþjálu grímunnar fljótt og vel í 0,5 mm skrefum þannig að hún henti sjúklingnum fullkomlega. Encompass SRS-skorðunarbúnaðurinn er hannaður til að hámarka afköst og bæta meðferðarniðurstöður sjúklinga.


*Integrated Shim System og IntegraBite kerfin bíða einkaleyfisveitingar.

ÁSKILINN AUKABÚNAÐUR

- Hitaþjál Encompass-gríma að framan
- Encompass-gríma að aftan
- Mótaður Encompass-höfuðpúði

EIGINLEIKAR

ÍHLUTIR



EIGINLEIKAR

ÍHLUTIR

1. ENCOMPASS™-INNLEGG

Encompass-innleggið er fest við kVue™-yfirborð fyrir bekk og kVue CT með OneTouch™-læsing. Það er með innbyggðan boga fyrir höfuðkúpu á höfðagaflinum. Opin hönnun höfuðkúpubogans gerir læknum kleift að móta hitaþjálá efnið nákvæmlega eftir beinabyggingu höfuðkúpu sjúklingsins.

2. ENCOMPASS-BÚNAÐUR EÐA ENCOMPASS-BÚNAÐUR FYRIR SEGULÓMUN

Encompass-búnaðurinn og Encompass-búnaðurinn fyrir segulómun eru sjálfstæðar einingar sem hægt er að koma fyrir á hvaða yfirborði sem er. Encompass-búnaðurinn fyrir segulómun er gerður úr efnum sem þola segulóm skoðun. Báðar útfærslurnar eru með sama höfuðboga og Encompass-innleggið og má nota við hermun eða meðferð.

3. HITAPJÁL GRÍMA AÐ FRAMAN

Hitaþjál gríma að framan (útfærsla með opi fyrir augu á skýringarmynd) með Integrated Shim System™. Innbyggð þynna í grímunni auðveldar hæðarstillingar með lágmarksinnngripi þannig að ekki þarf að taka grímuna af sjúklingnum og eykur skilvirkni í vinnubrögðum.

3a. Pinni

Pinnanum er snúið réttsælis til að hækka grímuna og rangsælis til að lækka hana.

3b. Kúpull

Pinnaundirstaða sem tengir pinna við hitaþjálu grímuna.

4. HITAPJÁL GRÍMA AÐ AFTAN

Hitaþjál gríma að aftan er mótuð utan um hnakkann og eykur stuðning undir hálsi sjúklingsins.

5. MÓTAÐUR HÖFUÐPÚÐI

Mótaði höfuðpúðinn hjálpar til við að móta hitaþjálu grímuna að aftan.

6. INTEGRABITE™

Sérniðni IntegraBite-skorðunarbúnaðurinn heldur sjúklingum sem fá geislameðferð á innankúpu í nákvæmri stöðu sem hægt er að endurtaka. IntegraBite er hannað til að tryggja nákvæmni í endurtekningum á stöðu sjúklings og stuðla að besta mögulega aðgengi frá mismunandi sjónarhornum til að veita sjúklingi meðferð. IntegraBite-kerfið er hannað til að halda innankúpunni kyrrri í ákveðinni stöðu meðan á meðferð stendur og gerir jafnframt kleift að endurtaka stöðuna.

6a. Bitplata

Bitplatan læsir kjálka sjúklingsins tryggilega á sínum stað við hermun og meðferð.

6b. Áhald

Áhaldið er notað til að staðsetja bitplötuna. Farga má áhaldinu eftir notkun.

7. VIRTUAL INDEXING™-KVÖRÐUNARBÚNAÐUR


Virtual Indexing-kvörðunarbúnaðurinn er ætlaður til að ganga með skjótum hætti úr skugga um að meðferðarbúnaðurinn sé í sömu stöðu og hermibúnaðurinn. Þrjú viðmiðunarmarki eru sett í búnaðinn í kringum höfuð sjúklingsins.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING Á ENCOMPASS™-INNLEGGI

1. Setjið Encompass-innleggið ofan á stoðbitana og látið pörunarpinnana tvo standast á við götin í OneTouch™-læsingunni.
2. Standið við kVue-höfðagaflinn og rennið kVue-innlegginu beint í götin.

Smellur heyrir þegar kVue-innleggið læsist á sinn stað. Þegar innleggið er sett upp með réttum hætti sést AÐEINS í yfirborð græna hnappsins.



kVue-bekkur með hefðbundnu innleggi

Mynd 1

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING Á ENCOMPASS™-BÚNAÐI

! ATHUGIÐ ! Þegar búnaðurinn er festur á yfirborð fyrir bekk með millistykki fyrir kvörðun skal lesa leiðbeiningar um uppsetningu í notkunarleiðbeiningum kvörðunarmillistykkisins (2002950).

! ATHUGIÐ ! Ef notað er innlegg fyrir bekk með neti sem hægt er að fjarlægja gæti þurft að snúa innlegginu við til að það passi rétt.


! VIÐVÖRUN ! EKKI MÁ FRAMLENGJA ENCOMPASS-BÚNAÐINN YFIR VIÐVÖRUNARLÍNUNA Á BEKKNUM.

! VIÐVÖRUN ! EKKI MÁ FRAMLENGJA ENCOMPASS-BÚNAÐINN YFIR ENDA BEKKJARINS ÞEGAR STAÐSETNINGARSTÖNG ER NOTUÐ TIL AÐ KVARÐA BÚNAÐINN. ÞAÐ GETUR VALDIÐ SJÚKLINGI EÐA NOTANDA HEILSUTJÓNI.

1. Látið rauðu pinnana á staðsetningarstönginni standast á við staðsetningargötin á Encompass-búnaðinum.
2. Setjið Encompass-búnaðinn ofan á yfirborð bekkjarins og yfir rauðu pinnana.
3. Gangið úr skugga um að búnaðurinn sé vel festur áður en sjúklingurinn er færður á bekkinn.

! ATHUGIÐ ! Einnig er hægt að festa millistykki fyrir kvörðun við búnaðinn til uppsetningar. Skoðið leiðbeiningar um uppsetningu í notkunarleiðbeiningum með kvörðunarmillistykkinu.

! ATHUGIÐ ! Encompass-búnaður fyrir segulómun er festur á með sama hætti og Encompass-búnaðurinn.



Mynd 2

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

HITAÞJÁLA GRÍMAN MÝKT UPP

RapidHeat™-ofn

! VIÐVÖRUN ! FYLGID ÖLLUM VIÐVÖRUNUM, VARÚÐARREGLUM OG NOTKUNARLEIÐBEININGUM Í VÖRULEIÐBEININGUM OG NOTENDAHANDBÓK RAPIDHEAT™-OFNSINS.

! VIÐVÖRUN ! OFNGRINDURNAR GETA VERID HEITAR! MEÐHÖNDLIÐ MEÐ VARÚÐ. NOTID HLÍÐARBÚNAÐ FYRIR HENDUR.

! VIÐVÖRUN ! EKKI MÁ HITA GRÍMUNA Í OFNINUM LENGUR EN Í 30 MÍNÚTUR.

Kveikið á RapidHeat™-ofninum með því að ýta á aflrofann áður en sjúklingurinn er færður inn í herbergi með hermibúnaði. 

Handvirk stilling

- Þegar gaumljósið fyrir kerfi (P01, P02, o.s.frv.) hættir að blikka skal ýta á hnappinn HÆKKA  eða LÆKKA  til að stilla hitastigið sem óskað er eftir. Ljósið blikkar við hliðina á litla tákninu fyrir HITASTIG . Sjá töflu á blaðsíðu 15.
- Ýtið á hnappinn fyrir TÍMASTILLINGU . Ljósið blikkar við hliðina á litla tákninu fyrir TÍMASTILLINGU . Ýtið á hnappinn HÆKKA  eða LÆKKA  til að stilla hitunartímann.
- Ýtið á hnappinn RÆSA/STÖÐVA  til að hefja forhitunarlotu. „PrH“ blikkar á skjánum og stendur fyrir FORHITUN. Farið yfir í hlutann „Gríman hituð“.

! ATHUGIÐ ! Þegar hitastigi er breytt skal ganga úr skugga um að ljósið við hliðina á litla tákninu fyrir HITASTIG  blikki. Þegar hitunartíma er breytt skal ganga úr skugga um að ljósið við hliðina á litla tákninu fyrir TÍMASTILLINGU  blikki.

Kerfisstilling

- Á meðan gaumljósið fyrir kerfi (P01, P02, o.s.frv.) blikkar skal ýta á hnappinn HÆKKA  eða LÆKKA  þar til æskilegt kerfi hefur verið valið.
- Ýtið á hnappinn RÆSA/STÖÐVA  til að hefja forhitunarlotu.

! ATHUGIÐ ! Skjárinn sýnir síðasta kerfið sem vistað var í minni með því að blikka með „P01“ (kerfi 1), „P02“ (kerfi 2) o.s.frv. Ef skjárinn hættir að blikka áður en kerfi hefur verið valið skal ýta á P-hnappinn  og hnappinn HÆKKA  eða LÆKKA  þar til æskilegt kerfi hefur verið valið.

Gríman hituð

- Ofninn gefur frá sér hljóðmerki og skjárinn sýnir „PrH READY“ þegar forhitunarlotu er lokið og ofninn er tilbúinn til að hita hitaþjálu grímuna eða dreifiefnið.
- Setjið Fibreplast-grímuna ofan á netið.
- Notið netið sem flutningsplötu og setjið netið á ofngrindina.

! ATHUGIÐ ! Staðsetjið neðri brúnina á ramma grímunnar við bakhlið ofnsins þannig að hún sé samsíða aftari brún ofngrindarinnar. Látið efsta hluta grímunnar vera samsíða fremri brún ofngrindarinnar fremst í ofninum.

! ATHUGIÐ ! Hægt er að setja bæði fram- og afturgrímuna í ofninn til mýkingar í sömu hitunarlotu. Setjið hvora grímu á sér ofngrind. Hvoruga grímuna má hita lengur en 30 mínútur í ofninum.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

4. Þegar ofnhurðinni hefur verið lokað skal ýta á hnappinn RÆSA/STÖÐVA  og þá byrjar tímastillirinn að telja niður.
 - Meðan á mýkingarlotu stendur er hægt að fylgjast með raunhitastigi í ofninum með því ýta einu sinni á hnappinn HITASTIG .
 - Til að hækka eða lækka hitann í ofninum skal ýta á hnappinn til að HÆKKA  eða LÆKKA  þar til æskilegu hitastigi hefur verið náð.
 - Ýtið á hnappinn fyrir TÍMASTILLINGU  og svo á hnappinn HÆKKA  eða LÆKKA  til að lengja eða stytta áður stilltan hitunartíma.
 - Ýtið á hnappinn LJÓS  til að kveikja á ljósi í ofninum. Ljósið logar í 60 sekúndur.
 - Ef ofnhurðin er opnuð meðan á mýkingarferlinu stendur verður gert hlé á tímastillingunni. Tímastillirinn byrjar aftur að telja niður þegar ofnhurðinni er lokað.
5. Þegar tímastillingin nær núlli gefur ofninn frá sér þrjú hljóðmerki og síðan einu sinni á 60 sekúndna fresti til að gefa til kynna að mýkingarlotunni sé lokið. Skjárinn sýnir „READY“. Notið netið sem flutningsplötu og takið grímuna eða dreifiefnið af ofngrindinni.
6. Gætið þess að gríman hafi kólnað nægilega áður en hún er sett á sjúklinginn.

! VIÐVÖRUN ! GRÍMURAMMINN OG HITAPJÁLA EFNID GETA VERID HEIT! MEÐHÖNDLIÐ MEÐ VARÚÐ. LÁTIÐ KÓLNA ÖRLÍTID ÁÐUR EN ÞAU KOMAST Í SNERTINGU VIÐ SJÚKLING TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MEIÐSLI HJÁ SJÚKLINGI.

Ráðlagðir hitunartímar og hitastig fyrir hitapjalar CQ Medical-grímur

Hitapjált efni	Hitunartími	Hitastig við upphitun
Encompass Fibreplast-grímur	7–9 mínútur	74 °C (165 °F)

Vatnsbað

! VIÐVÖRUN ! FYLGID ÖLLUM VIÐVÖRUNUM, VARÚÐARREGLUM OG NOTKUNARLEIÐBEININGUM Í VÖRULEIÐBEININGUM OG NOTENDAHANDBÓK VATNSBAÐSINS.

! VIÐVÖRUN ! LÁTIÐ GRÍMUNA EKKI VERA LENGUR EN 30 MÍNÚTUR Í VATNSBAÐINU.

1. Kveikið á vatnsbaðinu og gætið þess að vatnið nái yfir hitapjala efnið, áður en sjúklingurinn er færður inn í herbergi með hermibúnaði.
2. Setjið netið í heitt vatnið og grímuna þar ofan á.
3. Notið netið sem flutningsplötu, takið grímuramman úr vatninu og þerrið af umframvatn með þurru handklæði. Gætið þess að gríman sé þurr og nægilega kæld áður en hún er sett á sjúklinginn.

Ráðlagðir hitunartímar og hitastig fyrir hitapjalar CQ Medical-grímur

Hitapjált efni	Hitunartími	Hitastig við upphitun
Encompass Fibreplast-grímur	2 mínútur	75 °C (170 °F)

! VIÐVÖRUN ! GRÍMURAMMINN OG HITAPJÁLA EFNID GETA VERID HEIT! MEÐHÖNDLIÐ MEÐ VARÚÐ. LÁTIÐ KÓLNA ÖRLÍTID ÁÐUR EN ÞAU KOMAST Í SNERTINGU VIÐ SJÚKLING TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MEIÐSLI HJÁ SJÚKLINGI.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING, A-HLUTI: FREKARI UPPLÝSINGAR OG GAGNLEGAR ÁBENDINGAR

Hárlíflý fylgir með til að hylja hár sjúklingsins á meðan gríman er mótuð. Þegar fram- og/eða afturhluti grímunnar hefur verið mýktur geta þeir fest sig við hár sem hefur verið úðað með hárspreyi.

Til að tryggja að sjúklingurinn hreyfi sig sem minnst er mælt með því að hver sjúklingur fjarlægji andlitshár áður en gríman er mótuð.

Hylja skal öll opin sár eða skurði með sáraumbúðum eða plastumbúðum áður en gríman er mótuð.


Þegar grímurnar eru ekki í notkun skal halda þeim frá hitagjöfum og beinu sólarljósi.

Fibreplast® er lífbrjótanlegt og má farga í samræmi við það, nema ef það hefur mengast af sóttæmum úrgangi.

Kveikið á RapidHeat-ofninum eða vatnsbaðinu áður en hafist er handa og gætið þess að vatnsmagnið nái yfir hitaþjála efnið.

Integrated Shim System™ kerfið er innbyggt í hitaþjálu grímuna að framan og með því er hægt að stilla hæð grímunnar, án þess að taka hana af.

- Stillið æskilega hæð þynnunnar með því að snúa pinnanum á meðan hitaþjála framgríman er á sjúklingnum, eða án þess að hafa hana á. Snúið réttsælis til að hækka grímuna og rangsælis til að lækka hana. (Mynd 3)
- Hægt er að stilla þynnuna í 0,5 mm skrefum.
- Hægt er að stilla hæð hvernar þynnu sérstaklega.



Mynd 3


FREMRI PINNAR GRÍMUNNAR SETTIR UPP

1. Rennið fremri hluta hitaþjálu grímunnar yfir sjúklinginn.
2. Þrýstið niður til að setja tvo neðstu pinnana fyrst upp og síðan miðjupinnana tvo. Að lokum skal þrýsta niður til að setja efstu pinnana upp (mynd 4).

RÉTTTRI AFSTÖÐU NÁÐ MILLI PINNA

1. Til að draga úr spennu og ná sem réttastri afstöðu milli pinna skal þrýsta á aftari hluta grímunnar sem er næst neðstu pinnunum. (Mynd 5)

! ATHUGIÐ ! Til að ná fram góðri afstöðu gæti þurft að framkvæma þetta skref samhliða því að neðstu pinnarnir eru settir upp.



Mynd 4



Mynd 5

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING, B-HLUTI: MÓTUN GRÍMU AÐ AFTAN

! VIÐVÖRUN ! SJÚKLINGURINN VERÐUR AÐ VERA MEÐ HLÍÐARLAG (HÁRHLÍF) Á MILLI SÍN OG HITAPJÁLA EFNISINS AÐ AFTAN ÞEGAR BÚNAÐURINN ER SETTUR Á TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ HÁRIÐ FLÆKIST Í HITAPJÁLA EFNINU.

! ATHUGIÐ ! Setja skal hárhlíf meðfram hárlínu sjúklings og á bak við eyru hans. (Mynd 10)

1. Setjið mótaða höfuðpúðann á undirstöðu Encompass™-búnaðarins. (Mynd 6)
2. Komið sjúklingi fyrir á valda höfuðpúðanum. Stillið stöðuna eftir þörfum. (Mynd 7)
3. Þegar hitapjála gríman er tilbúin skal biðja sjúklinginn um að lyfta höfðinu. (Mynd 8)
4. Setjið hitapjála efnið að aftan á staðsetningarpinna Encompass-búnaðarins. (Mynd 8)
5. Komið sjúklingnum aftur fyrir á mótaða höfuðpúðanum. Mótið hitapjálu grímuna að aftan eftir höfði sjúklingsins og tryggið að hálsinn sé vel mótaður að aftan. Haldið áfram að móta þar til gríman hefur harðnað. (Mynd 9)
6. Ef IntegraBite er notað skal fara yfir í „D-HLUTA“ en annars skal halda áfram í „C-HLUTA“.


! ATHUGIÐ ! Mynd 10 sýnir endanlega uppsetningu.



Mynd 6



Mynd 7



Mynd 8



Mynd 9



Mynd 10

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING, C-HLUTI: FRAMGRÍMA MÓTUÐ, UPPSETNING ÁN INTEGRABITE™

! ATHUGIÐ ! Þegar búnaðurinn er notaður með sjónrænum eftirlitskerfum skal fylgja leiðbeiningum frá framleiðanda varðandi áhugasvæði (e. Region of Interest, ROI) þar sem gríman er opin.


! ATHUGIÐ ! Setja skal hárlíf meðfram hárlínu sjúklings og á bak við eyru hans. (Mynd 10 í B-hluta)

1. Snúið hverjum pinna fyrir sig á framgrímunni að upphaflegri þynnuhæð. Ráðlögð hæð er 2 mm (merkingar eru gefnar með 0,5 mm skrefum). (Mynd 11)
2. Áður en mýkta gríman er sett á sjúklinginn skal ganga úr skugga um að hún sé ekki of heit viðkomu fyrir húð sjúklingsins.
3. Rennið framgrímunni yfir sjúklinginn, byrjið á efri hluta brjóstkassans og rennið þar til neðri brún andlitsopsins snertir neðsta hlutann á nefi sjúklingsins. Staðsetjið svo efri brún andlitsopsins 2 cm fyrir ofan brúnarboga (e. orbital ridge). Dragið grímuna niður í átt að Encompass-búnaðinum þannig að annaðhvort hlustarhár (e. tragus) eða hárlína sjáist í opi grímunnar, en það fer eftir líffærafræði sjúklingsins. (Myndir 12–13a)


! ATHUGIÐ ! Áður en framgríman er fest skal ganga úr skugga um að Integrated Shims™ þynnur séu stilltar á upphaflega hæð (ráðlögð hæð er 2 mm).

! VIÐVÖRUN ! GÆTIÐ ÞESS AÐ SJÚKLINGUR EÐA STJÓRNANDI KLEMMIST EKKI Á MILLI GRÍMU OG BÚNAÐAR ÞEGAR GRÍMAN ER FEST.


4. Festið framgrímuna með því að þrýsta niður öllum 6 pinnunum þar til smellur heyrst sem gefur til kynna að framgríman sé tryggilega fest. (Mynd 14)
5. Brettið neðsta hluta grímunnar upp á höku sjúklingsins til að auka stífleika grímunnar og stöðugleika. (Mynd 15)
6. Mótið grímuna utan um andlit sjúklingsins með fingrum og höndum þannig að gríman falli að andlitslagi sjúklings. Haldið áfram að móta þar til gríman harðnar. (Mynd 16)




Mynd 11




Mynd 12




Mynd 13




Mynd 13a



Mynd 14



Mynd 15



Mynd 16

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING, D-HLUTI: FRAMGRÍMA MÓTUÐ, UPPSETNING MEÐ INTEGRABITE™

! ATHUGIÐ ! Þegar búnaðurinn er notaður með sjónrænum eftirlitskerfum skal fylgja leiðbeiningum frá framleiðanda varðandi áhugasvæði (e. Region of Interest, ROI) þar sem gríman er opin.

! ATHUGIÐ ! Setja skal hárlíflif meðfram hárlínu sjúklings og á bak við eyru hans. (Mynd 10 í B-hluta)

1. Snúið hverjum pinna fyrir sig á framgrímunni að æskilegri þynnuhæð; ráðlögð hæð er 2 mm (merkingar eru gefnar með 0,5 mm skrefum). (Mynd 17)


! ATHUGIÐ ! Á þessum tímapunkti er mælt með því að útskýra fyrir sjúklingnum hvernig IntegraBite virkar. Mynd 18 sýnir mynd af IntegraBite.

2. Áður en mýkta gríman er sett á sjúklinginn skal ganga úr skugga um að hún sé ekki of heit viðkomu fyrir húð sjúklingsins.
3. Rennið framgrímunni yfir sjúklinginn, byrjið á efri hluta brjóstkassans og rennið þar til neðri brún andlitsopsins snertir neðsta hlutann á nefi sjúklingsins. Staðsetjið svo efri brún andlitsopsins 2 cm fyrir ofan brúnarboga (e. orbital ridge). Dragið grímuna niður í átt að Encompass-búnaðinum þannig að annaðhvort hlustarhár (e. tragus) eða hárlína sjáist í opi grímunnar, en það fer eftir líffærafræði sjúklingsins. (Myndir 12–13a)

! ATHUGIÐ ! Áður en framgríman er fest skal ganga úr skugga um að Integrated Shims™ þynnur séu stilltar á upphaflega hæð (ráðlögð hæð er 2 mm).

! VIÐVÖRUN ! GÆTIÐ ÞESS AÐ SJÚKLINGUR EÐA STJÓRNANDI KLEMMIST EKKI Á MILLI GRÍMU OG BÚNAÐAR ÞEGAR GRÍMAN ER FEST.

4. Festið framgrímuna með því að þrýsta niður öllum 6 pinnunum þar til smellur heyrst sem gefur til kynna að framgríman sé tryggilega fest. (Mynd 14 í C-HLUTA)
5. Biðjið sjúkling að opna munninn á meðan stutt er við grímuna undir nefinu til að halda neðri brúninni á sínum stað. (Mynd 19)
6. Stingið IntegraBite varlega inn í munninn og biðjið sjúklinginn að bíta varlega saman, fjarlægið áhaldið með því að renna því til hliðar og biðjið sjúklinginn að halda áfram að bíta þar til gríman harðnar. (Mynd 20)
7. Brettið neðsta hluta grímunnar upp á höku sjúklingsins til að auka stífleika grímunnar og stöðugleika. (Mynd 21)
8. Mótið grímuna utan um andlit sjúklingsins með fingrum og höndum þannig að gríman falli að andlitslagi sjúklings. Haldið áfram að móta þar til gríman harðnar. (Myndir 21–22)




Mynd 17



Mynd 18




Mynd 19



Mynd 20



Mynd 21



Mynd 22

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

UPPSETNING, E-HLUTI: SJÚKLINGUR SKORÐAÐUR

! ATHUGIÐ ! Gætið þess að hreinsa þann hluta grímunnar sem settur er í munn sjúklingsins með vatnsblandaðri sótthreinsilausn fyrir hverja notkun.

Setjið hitapjála efnið að aftan á staðsetningarpinna Encompass™-búnaðarins. (Mynd 23)

! ATHUGIÐ ! Einnig má nota mótaða höfuðpúðann.

1. Látið sjúklinginn leggjast á bakið og komið honum aftur fyrir á Encompass-búnaðinum.
2. Stillið æskilega hæð þynunnar samkvæmt uppsetningarblaðinu með því að snúa pinninum. Snúið réttsælis til að hækka grímuna og rangsælis til að lækka hana. (Mynd 25)
3. Setjið framgrímuna yfir sjúklinginn og festið hana með því að þrýsta niður öllum 6 pinnunum þar til smellur heyrst sem gefur til kynna að framgríman sé tryggilega fest. (Mynd 24)


! VIÐVÖRUN ! GÆTIÐ ÞESS AÐ SJÚKLINGUR EÐA STJÓRNANDI KLEMMIST EKKI Á MILLI GRÍMU OG BÚNAÐAR ÞEGAR GRÍMAN ER FEST.

! ATHUGIÐ ! Ef búnaðurinn er notaður með IntegraBite skal biðja sjúklinginn um að opna munninn áður en framgríman er sett upp og bíta svo saman þegar henni hefur verið komið fyrir.


4. Ef gera þarf breytingar á þynnunum skal losa pinnann, snúa honum í þá þynnuhæð sem óskað er eftir og setja pinnann aftur í. Hægt er að stilla hæðina sérstaklega fyrir hverja þynnu. (Mynd 25)



Mynd 23



Mynd 24



Mynd 25

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

HITAÞJÁL GRÍMA FJARLÆGÐ

! ATHUGIÐ ! Áður en framgríman er tekin af skal athuga stöðu þynnunnar á meðfylgjandi uppsetningarblaði.

1. Til að fjarlægja framgrímuna skal toga upp pinnann á meðan þrýst er á móti á kúpulinn. Endurtakið þetta fyrir alla 6 pinnana. Smellur heyrir og gefur til kynna að hægt sé að taka framgrímuna af. (Mynd 26)
2. Ef IntegraBite™ er notað skal biðja sjúklinginn að hætta að bíta í bitplötuna.
3. Togið framgrímuna varlega af sjúklingnum. (Mynd 27)
4. Látið sjúklinginn setjast upp.
5. Togið grímuna að aftan upp og af búnaðinum.
6. Ef höfuðpúði er notaður má fjarlægja hann af búnaðinum.

ENCOMPASS™-INNLEGG FJARLÆGT


! VIÐVÖRUN ! ALDREI MÁ LYFTA UPP ENDA KVUE-INNLEGGISINS ! ÞÓTT BÚNAÐURINN SÉ MJÖG TRAUSTUR GETA ÞÖRUNARPINNARNIR BOGNAÐ EÐA BROTNAÐ OG GERT KVUE-INNLEGGIÐ ÓNOTHÆFT.

1. Snúið handfanginu rangsælis. (Mynd 29)
2. Togið handfangið sem búið er að snúa frá annarri hlið kVue-búnaðarins þar til innleggið losnar. (Mynd 30)
3. Rennið kVue-innlegginn úr kVue-búnaðinum. (Mynd 31)


ENCOMPASS-BÚNAÐUR (OG ENCOMPASS-BÚNAÐUR FYRIR SEGULÓMUN) FJARLÆGÐUR

Lyftið Encompass-búnaðinum af staðsetningarstönginni og bekknum og setjið í geymslu.


! ATHUGIÐ ! Ef búnaðurinn hefur verið settur upp með kvörðunarmillistykki getur fjarlægingarferlið verið mismunandi eftir því hvaða millistykki er notað.




Mynd 26




Mynd 27




Mynd 28



Mynd 29



Mynd 30



Mynd 31

VIÐHALD

KERFIÐ HREINSAÐ

Búnaðinn má hreinsa með mildri hreinsilausn sem slípar ekki eða sótthreinsilausn. Til að hreinsa búnaðinn skal setja lausnina í hreinan klút og þurrka svo af yfirborðinu. Skoðið búnaðinn og ef hann er ekki orðinn hreinn skal endurtaka fyrri hreinsunarskref þar til hann er sýnilega hreinn. Notið hreinan klút, vættan með vatni til að þurrka af hreinsiefnaleifar. Þurrkið búnaðinn með hreinum, þurrum klúti. Eftirfarandi hreinsiefni hafa verið prófuð og metin hentug til að hreinsa búnaðinn.

- Vatn
- Sápa og vatn

KERFIÐ SÓTTHREINSAÐ

Til að sótthreinsa búnaðinn skal fylgja sérstökum leiðbeiningum frá framleiðanda hreinsiefnisins.

- 10% Clorox®-bleikiefnalausn
- Ísóprópýlalkóhól
- Cidex® 2,4% virk dýldehýðlausn

EKKI má úða eða hella vökvum á búnaðinn þar sem þeir geta lekið inn í OneTouch-læsinguna eða annan búnað inni í bekknum.

EKKI má úða beint á búnaðinn eða láta úða renna inn í yfirborð og/eða grind kVue-bekkjarins.


Setjið EKKI oddhvassa hluti á búnaðinn.

Skoðið reglulega allar festingar og tryggið að þær séu vel hertar.

SKIPT UM STAÐSETNINGARPINNA

! ATHUGIÐ ! Skiptið um hvítu staðsetningarpinnana ef þeir bogna eða skemmast á einhvern hátt.

1. Til að fjarlægja staðsetningarpinnana skal nota skrufjárn með flötum haus og snúa rangsælis til að fjarlægja festiskrúfuna af neðsta hluta staðsetningarpinnans.
2. Þegar skrufan hefur verið fjarlægð skal toga staðsetningarpinnann upp þar til hann losnar alveg frá búnaðinum.
3. Setjið nýjan staðsetningarpinna í festigatið.
4. Setjið festiskrúfuna inn í neðsta hluta pinnans og snúið skrufjárninu réttsælis þar til hún er tryggilega fest.



Mynd 32

VIÐHALD

INTEGRABITE HREINSAÐ

Gætið þess að hreinsa þann hluta grímunnar sem settur er í munn sjúklingsins með vatnsblandaðri sótthreinsilausn fyrir hverja notkun.

HITAPJÁLA GRÍMAN HREINSUÐ

Til að hreinsa grímuna skal setja lausnina í hreinan klút og þurrka svo af yfirborðinu. Skoðið grímuna og ef hún er ekki orðin hrein skal endurtaka fyrri hreinsunarskref þar til hún er sýnilega hrein. Notið hreinan klút, vættan með vatni til að þurrka hreinsiefnaleifar af grímunni. Þurrkið grímuna með hreinum, þurrum klúti. Eftirfarandi hreinsiefni hafa verið prófuð og metin hentug til að hreinsa grímuna.


- Vatn
- Sápa og vatn

HITAPJÁLA GRÍMAN SÓTTHREINSUÐ EFTIR MÓTUN

Notið eitt af eftirfarandi sótthreinsiefnum til að sótthreinsa búnaðinn samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans.

- 10% Clorox®-bleikiefnalausn
- Super Sani-Cloth®
- Ísóprópýlalkóhól
- Cidex® OPA

TÆKNILÝSING




KVUE™ ENCOMPASS™ -INLEGG – RT-4600KV-01

LENGD: 1311 mm

ÞYNGDARMÖRK: 249 kg (550 pund) jöfn þyngdardreifing við hámarksstöðu svifbita sem gefin er upp á búnaðinum.

ÞYNGD VIÐ MEÐHÖNDLUN: 4,5 kg (10 pund)

TÆKNILÝSING



ENCOMPASS™-SKORÐUNARBÚNAÐUR FYRIR INNANKÚPU – RT-4600-01


ENCOMPASS™-SKORÐUNARBÚNAÐUR FYRIR SEGULÓMUN, INNANKÚPU – RT-4600-01-MRI

LENGD: 1358 mm

ÞYNGDARMÖRK: 249 kg (550 pund) jöfn þyngdardreifing við hámarksstöðu svifbita sem gefin er upp á búnaðinum.

ÞYNGD VIÐ MEÐHÖNDLUN: 5,5 kg (12 pund)

LISTI YFIR HLUTA



1. RT-4600KV-01 – kVue™ Encompass™-innlegg, innankúpu
2. RT-4600-01 – Encompass™-skorðunarbúnaður, innankúpu
3. RT-4600-01-MRI – Encompass™ skorðunarbúnaður fyrir segulómun, innankúpu (ekki sýnt á skýringarmynd)
4. RT-B889KYCF – Encompass Intracranial Fibreplast Variable Perf búnaður, aðeins fyrir höfuð með opi fyrir augu (með IntegraBite™, hitapjálu efni að aftan og hárhlíf) (ekki sýnt á skýringarmynd)
5. RT-B889KYCF2 – Encompass Intracranial Fibreplast Variable Perf búnaður, aðeins fyrir höfuð með 119 mm opi fyrir augu (með IntegraBite™, hitapjálu efni að aftan og hárhlíf)
6. RT-4600-10 – mótaður höfuðpúði
7. 8002499 – Encompass-staðsetningarpinnar, pakkning með 4 stk.

UPPSETNING HJÁ SJÚKLINGI

ENCOMPASS™ RT-4600KV-01, RT-4600-01, RT-4600-01-MRI, OG RT-B889KYCF2

Nafn sjúklings:

Auðkennisnúmer sjúklings:

Læknir:

Athugasemdir:

Uppsett af:

Dagsetning:

DAGSETNING

HÆÐ

DAGSETNING

HÆÐ

DAG-
SETNING

HÆÐ

DAG-
SETNING


HÆÐ

DAG-
SETNING

HÆÐ

DAG-
SETNING

HÆÐ



1. Notaður höfuðpúði:
2. IntegraBite notað? **Já** **Nei**
3. Staðsetning á yfirlagi (eingöngu RT-4600KV-01 og RT-4600-01-MRI):

Athugasemdir:



www.CQmedical.com

☎ +1 712-737-8688 | +1 800-842-8688

✉ info@CQmedical.com